

**Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2021****FÉLV1ÞF05**

Kennari	Ásta Birna Ólafsdóttir asta.olafsdottir@fss.is
Viðtalstími	Miðvikudagar 13:00-13:30 og eftir samkomulagi
Kennsluefni	Efni frá kennara
Áfangalýsing	Í þessum byrjunaráfanga fá nemendur innsýn í mismunandi greinar félagsvísindanna með sérstaka áherslu á félagsfræði, sálfræði og uppeldisfræði. Farið er í upphaf og sögu félagsvísinda, mismunandi stefnur og sjónarmið og nokkra helstu frumkvöðla innan félagsvísindanna. Fjallað er um grunneiningar samfélagsins og áhrif þess á einstaklinginn og líf hans. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á umhverfi sínu og geti myndað sér skoðanir á málefnum sem efst á baugi eru hverju sinni. Nemendur fræðast um þá þætti sem hafa áhrif á líf barna og fullorðinna í nútímaþjóðfélagi. Einnig er þeim gefin innsýn í þá hugmyndafræði sem nútíma félagsvísindi byggja á, mismunandi viðfangsefni þeirra og mikilvægi í daglegu lífi. Sem dæmi um einstaka efnisþætti má nefna: félagskerfið, hagkerfið og stjórnkerfið, erfðir og umhverfi, frjáls vilji, löghyggja, félagsmótun, þróun menntunar, kynhlutverk og jafnfrétti, menning og trúarbrögð, fjölskyldan, vinna og atvinnulíf.

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Undirbúningur f. tíma	15 vikur x 4 tímar x 20 mín	20 klst.
Undirbúningur f. kannanir	3 x 4 klst.	12 klst.
Alls		92 klst. = 5 fei*

Þekking Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - algengustu grunnhugtökum, viðfangsefnum og sjónarmiðum félagsvísinda - sögulegum uppruna og þróun félagsvísinda - ólíkum öflum sem hafa áhrif á mótun einstaklingsins	Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - afla upplýsinga og vinna með þær á hagnýtan og fjölbreyttan hátt - tjá sig um og taka rökstudda afstöðu til álitamála - bera virðingu fyrir mismunandi lífsgildum, mannréttindum og jafnrétti
---	---

Virðing, samvinna og árangur

• þeim félagslegu stofnunum sem hafa áhrif á líf hans • möguleikum til að hafa áhrif á líf sitt og umhverfi • réttindum og skyldum gagnvart samfélaginu	• setja sig í spor annarra • skilja stöðu sína í samfélaginu og eiga farsæl samskipti við umhverfi sitt
Leikni Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • beita algengustu hugtökum félagsvísinda • skilja stöðu sína innan samfélagsins • greina einkenni og þróun samfélaga • greina orsök og afleiðingu • að skoða sína eigin hegðun og annarra út frá grundavallarhugmyndum félagsvísinda • tjá sig í ræðu og riti	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanganaum verið skipt upp í fernt og könnun verður úr efni hvers námshluta. Samanlögð einkunn gildir sem lokaeinkunn áfangans.
--------------------------------------	---

Heiti	Vægi
Könnun 1 úr efni	25%
Könnun 2 úr efni	25%
Könnun 3 úr efni	25%
Könnun 4 úr efni	25%

Reglur áfanga	Góð og heiðarleg samskipti við kennara og aðra nemendur áfangans eru mikilvæg og koma nemendum alltaf lengra í sínu námi. Hver nemandi ber ábyrgð á því hvort hann ætlar að læra mikið eða lítið í þessum áfanga.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Mikilvægt að fylgjast vel með og taka þátt í umræðum í þessum kennslustundum. Mörg ný orð og orðatiltæki munu koma fram.
--	--

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 6. - 8. janúar	Kynning á áfanganum Hvað eru félagsvísindi?	
2. vika 11. - 15. janúar	Upphaf og saga félagsvísinda Um hvað fjallar sálfræði?	
3. vika 18. - 22. janúar	Stefnur og sjónarmið innan félagsvísindanna	
4. vika 25. - 29. janúar	Stefnur og sjónarmið innan félagsvísindanna	Könnun úr fyrsta hluta
5. vika 1. - 5. febrúar	Helstu frumkvöðlar innan félagsvísindanna	
6. vika 8. - 12. febrúar	Helstu frumkvöðlar innan félagsvísindanna	
7. vika 15. - 19. febrúar	Grunneiningar samfélagsins Þróun menntunar	
8. vika 22. - 26. febrúar	Grunneiningar samfélagsins Menning og trúarbrögð	
9. vika 1. - 5. mars	Nærumhverfi okkar Vinnan og atvinnulífið	Könnun úr öðrum hluta
10. vika 8. - 12. mars	Nærumhverfi okkar Hver eru viðfangsefni uppeldisfræðinnar?	
11. vika 15. - 19. mars	Nútímaþjóðfélag Kynhlutverk og jafnrétti	Podkast
12. vika 22. - 26. mars Páskafrí	Hugmyndafræði nútíma félagsvísinda	Könnun úr þriðja hluta
13. vika 6. - 9. apríl	Félags- og hagkerfið	
14. vika 12. - 16. apríl	Stjórnkerfi Íslands	
15. vika 19. - 23. apríl Sumard. fyrsti	Erfðir og umhverfi Fjölskyldan	

Virðing, samvinna og árangur

16. vika 26. - 30. apríl	Frjáls vilji og löghyggja	
17. vika 3. - 6. maí	félagsmótun	Könnun úr fjórða hluta

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Ásta Birna Ólafsdóttir